

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Reykjavík 18. ágúst 2016
UST201606-173/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi landsvæðis við munna Dýrafjarðarganga í landi Rauðsstaða og Borgar í Arnarfirði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 21. júní þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi landssvæðis við munna Dýrafjarðarganga, Arnarfjarðarmegin.

Í upphafi umhverfisskýrslu kemur fram að Vegagerðin í samstarfi við Ísafjarðarbæ vinnur að tillögu að deiliskipulagi fyrir landsvæði við jarðgangnamunna fyrirhugaðra Dýrafjarðarganga í landi Rauðsstaða og Borgar í Arnarfirði. Einnig kemur fram að um tímabundna landnotkun er að ræða.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er í Borgarfirði sem er innfjörður í Arnarfirði og skiptist í tvö svæði, efra og neðra svæði. Í umhverfisskýrslu kemur fram að markmið deiliskipulagsins er að heimila nauðsynlega aðstöðu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við jarðgöngin. Einnig kemur fram að tillaga að deiliskipulagi tekur til svæðis fyrir vinnubúðir, vinnusvæðis fyrir skrifstofu, geymslur, spennistöð, sprengiefnageymslu, steypustöð og olíustöð sem áætlað er að setja upp vegna framkvæmdanna. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir haugsvæði og efnistökusvæði innan skipulagssvæðisins. Svæðið er deiliskipulagið nær til, er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og er innan svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá og nýtur jafnframt hverfisverndar.

Náttúruminjasvæði

Í náttúruminjaskrá kemur fram að svæði nr. 311 sem er skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, er á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts landslags, gróðursælla hlíða og dala og að svæðið er umgirt stórskorðu fjallendi. Einnig eru þar framhjáhlaup og jökulminjar. Þar sem framkvæmdasvæðið er á svæði á náttúruminjaskrá telur Umhverfisstofnun mikilvægt að komið sé í veg fyrir allt óþarfa raska á meðan á framkvæmdum stendur.

Matstafla vegna greiningar á áhrifum deiliskipulags


Í matstöflu er fjallað um gróður- og dýralíf og þar kemur fram að talið er að áhrif á gróður og dýralíf almennt takmarkist við framkvæmdatímann og verði óveruleg. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að staðargróður verði notaður við frágang svæðis.


Umhverfisstofnun tekur undir að þegar raflína sem liggur yfir fjallið ofan gangnanna verður fjarlægð mun það hafa jákvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun tekur undir að áhrif á Hófsá geta orðið verulega neikvæð á framkvæmdatímanum vegna efnistöku en að mati stofnunarinnar er mikilvægt að farið verði að boðuðum mótvægisáðgerðum.

Umhverfisstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar sem felst í ofangreindu deiliskipulagi verði fyrst og fremst sjónræn áhrif vegna skeringa, vegskála og vegfyllinga. Að mati Umhverfisstofnunar verður hægt að draga verulega úr sjónrænum áhrifum ef gripið verður til þeirra mótvægisáðgerða sem lýst er í matsskýrslu framkvæmdar og umhverfisskýrslu ofangreinds skipulags. Að líkindum mun framkvæmdin hafa tímabundin áhrif á Hófsá.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur